

Seðlabanki Íslands,
Gjaldeyriseftirlit
Kalkofnsvegi 1,
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 10. mars 2014

Efni: Umsókn um undanþágu frá lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál

Með bréfi þessu óskar Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 (hér eftir nefndur „Hafnarfjörður“ eða „bærinn“), eftir undanþágu frá lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál (hér eftir nefnd „gml.“).

1 Forsaga og staðreyndir málsins

Vísað er til fyrri samskipta og gagna vegna málsins. Eins og fram hefur komið er Hafnarfjörður með lán í erlendri mynt hjá FMS Wertmanagement í Þýskalandi (hér eftir nefnt „FMS“), með lokagjalddaga í desember 2015 (hér eftir nefnt „lánið“). Lánið var tekið í desember 2011 og er tilkomið vegna endurfjármögnunar á eldri lánum bæjarins hjá Depfa bankanum, sem tekin voru á tímabilinu 2003-2008. Á þeim tíma sem Hafnarfjörður var að semja um endurfjármögnunina var bærinn í erfiðri fjárhagslegri stöðu með gjaldfallin lán. Endurspeglast það m.a. í mjög stífum skilmálum lánsins fyrir bæinn. Lánið er tæplega helmingur af núverandi vaxtaberandi skuldum Hafnarfjarðar og hefur í för með sér verulega gjaldeyris- og endurfjármögnunaráhættu fyrir bæinn.

Með vísan til framangreinds hefur Hafnarfjörður haft áhuga á að breyta láninu í innlent lán með lengri afborgunarferil (25 ár eða lengra) og hefur nú tryggt sér slíka fjármögnun hjá Íslandsbanka hf., sbr. meðfylgjandi drög að lánsloforði. Lánsloforðið hefur nú hlotið formlegt samþykki lánanefndar bankans og er unnið að endanlegri skjalagerð. Rétt er að taka fram að engra trygginga er krafist af hálfu Íslandsbanka hf. vegna lánsins, en eins og áður er vikið að valda stífir lánaskilmálar og veðsetningar í núverandi lánasamningum bænum miklum óþægindum. Frá efnahagshruni haustið 2008 hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármálum Hafnarfjarðarbæjar. Sú endurskipulagning hefur snúist um viðbrögð við beinum afleiðingum hrunsins og að tryggja grunn að traustum fjárhag til framtíðar. Ársreikningar Hafnarfjarðar síðustu tveggja ára og drög að ársreikningi síðasta árs sýna að rekstur sveitarfélagsins er í jafnvægi og hefur gengið vel undanfarin ár. Skuldir sveitarfélagsins eru viðráðanlegar, fjárhagur þess hefur farið batnandi og er orðinn almennt góður. Tilboð Íslandsbanka sem þegar hefur verið samþykkt af lánanefnd bankans án nokkurra trygginga staðfestir þann árangur sem náðst hefur undanfarin ár.

Að öðru leyti en greinir í undanþágubeiðni þessari er vísað til fyrri samskipta vegna málsins, sem og skilmála lánsins, en Seðlabankinn hefur afrit af lánasamningnum.

2 Beiðni um undanþágu

Með vísan til framangreinds óskar Hafnarfjörður hér með eftir undanþágu frá nauðsynlegum ákvæðum gml. til að bænum verði heimilt að nýta áður nefnt lánsloforð Íslandsbanka hf. og kaupa Evrur hjá innlendum banka, eins fljótt og mögulegt er, til að fyrirframgreiða lánið hjá FMS í heild sinni.

Hafnarfjörður setur þessa umsókn fram á grundvelli 7. gr. gml., sbr. 13. gr. o., sem heimilar Seðlabankanum að veita undanþágu frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum samkvæmt lögnum. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. gml. ber Seðlabankanum við mat á beiðni um undanþágu að horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Með vísan til framangreinds vill Hafnarfjörður sérstaklega taka fram eftirfarandi til stuðnings því að hann ætti að fá umbeðna undanþágu:

1. **Lausafjárahætta:** Lausafé Hafnarfjarðar er af skornum skammti og því þarf bærinn að endurfjármagna yfirdrátt og gjaldfallna reikninga við fyrsta tækifæri. Þá er núverandi afborgunarferill lána of brattur þannig að sjóðsstreymi er neikvætt næstu misseri.
2. **Gjaldeyrísáhætta:** Hátt í helmingur vaxtaberandi lána Hafnarfjarðar er í EUR. Það þýðir ef krónan veikst um 10% kostar það fyrir bæinn það sama og árlegur kostnaður við þjónustu fatlaðra.
3. **Endurfjármögnunaráhætta:** Með tilboði Íslandsbanka er möguleiki núna til að endurfjármagna allar erlendar skuldir bæjarins. Þetta tækifæri hefur ekki staðið til boða áður og því mikilvægt fyrir bæinn að nýta sér það núna því óvíst er hvort sambærilegt tilboð standi til boða síðar.
4. **Vaxtaáhætta:** Vaxtakjör eru með besta móti í dag í sögulegu samhengi og mikilvægt fyrir Hafnarfjörð að nýta þau. Má í því samhengi nefna að bærinn gerði misheppnaða tilraun til endurfjármögnunar sömu skulda í lok árs 2011 yfir 6,0% verðtryggðum vöxtum.
5. **Neikvæð umræða:** Neikvæð umræða um fjármál Hafnarfjarðar hefur áhrif m.a. á sölu lóða og fólksflutnings til bæjarins, en sala lóða og fjölgun íbúa eru mikilvægir þættir í lækkun skulda bæjarins til framtíðar.
6. **Kvaðir í láninu:** Miklar kvaðir fylgja núverandi lánasamningi við FMS, þar á meðal veðsetning eigna, sem hefta uppbyggingu í bænum og gera allan rekstur þyngri. Þá er í lánasamningnum bann við frekari skuldsetningu sem meðal annars hamlar uppbyggingu hjúkrunarheimilis í bænum. Núverandi tilboð frá Íslandsbanka hf. um endurfjármögnun felur hvorki í sér íþyngjandi fjárhagslegar kvaðir né veðsetningu eigna.

Hafnarfjörður gerir sér grein fyrir mikilvægi gjaldeyrishaftanna og að markmiðið með þeim sé að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum með því að tryggja innstreymi á gjaldeyri og hindra óþarfa útstreymi gjaldeyris. Ætlunin er þó ekki að útiloka viðskipti milli landa sem eru æskileg og/eða nauðsynleg og telur Hafnarfjörður að útstreymi vegna endurfjármögnunar á láninu sé nauðsynleg fyrir bæinn.

Telji Seðlabankinn ekki mögulegt að veita bænum heimild til að greiða lánið upp að fullu í samræmi við ofangreint er það ósk bæjarins að Seðlabankinn geri grein fyrir með hvaða hætti bankinn er tilbúinn að koma til móts við bæinn hvað slíkar fyrirframgreiðslur varðar, þ.e. útlísti með nákvæmum hætti í hvaða skrefum bærinn má endurfjármagna umrædd lán. Er í því samhengi er rétt að áréttta þá skoðun bæjarins að fyrirframgreiðsla á a.m.k. helmingi erlendra lána sé nauðsynleg til að draga með verulegum hætti úr þeim áhættuþáttum sem bærinn stendur frammi fyrir og eru tilgreindir hér að ofan.

Fulltrúar Hafnarfjarðar eru reiðubúnir til samráðs við Seðlabankann til þess að fara yfir beiðni þessa svo ekki fari á milli mála hvað um er að ræða.

Virðingarfyllst,

fh. Hafnarfjarðarbæjar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri